

## **4. fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu mánudaginn 1. desember 2014, kl 17:00**

**Mætt eru:** Heiðrún Óladóttir, Siggeir Stefánsson, Kristinn Lárusson, Árni Davíð Haraldsson, Ingveldur Eiríksdóttir, Dagrún Þórisdóttir og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð og svo var ekki.

### **1. Fundargerð síðasta fundar.**

Fundargerðir frá 3.sept og 9.sept samþykktar og undirritaðar.

### **2. Eftirfylgni með úttekt á Grunnskólanum á Þórshöfn, bréf frá Mmrn dagsett 13.10.2014.**

IE greinir frá stöðu mála, sem er að öll áhersluatriði úr umbótaáætluninni séu komin á köppinn.

Fræðslunefndin stefnir á að hittast á vinnufundi fljótlega til að aðlaga leiðbeinandi gátlista yfir verklagsreglur nefndarinnar.

IE ætlar að gera tillögu að svari til ráðuneytisins sem hún sendir svo á fræðslunefnd og sveitarstjóra.

### **3. Dagsetningar samræmdra prófa 2015, bréf frá Mmrn dagsett 07.11.2014.**

Fræðslunefnd gerir athugasemd við dagsetningar samræmdra prófa þar sem þær stangast á við göngur og réttir. Í skólastefnu Langanesbyggðar er lögð áhersla á þátttöku nemenda í atvinnulífi samfélagsins og góðum tengslum við nærumhverfi hans. Formaður tekur að sér að skrifa bréf til ráðuneytisins þar um.

### **4. Breytingar á aðalnámskrá grunnskóla og stuðningur við innleiðingu námskrár, bréf frá Mmrn dagsett 24.11.2014**

Lagt fram til kynningar

### **5. Bréf frá Mentor, dagsett 11.11.2014.**

Ný kynslóð af Mentor, K3 hefur verið kynnt og hafa tveir starfsmenn GP sótt kynningu á henni. GP hefur sótt um að byrja í innleiðingarferli Mentors eftir áramót.

### **6. Beiðni um breytingu á skóladagatali.**

GP óskaði eftir því að 5. desember verði tvöfaldur dagur og Litlu-jól færð til 18. desember. FN samþykkir samhljóða.

### **7. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn, meðal annars:**

#### **a. Artvottun Grunnskólans á Þórshöfn**

Haustið 2013 var sett af stað þróunarverkefni til að bæta lýðræði í skólastarfinu og var tækið ART valið til þess. 26. nóvember síðastliðinn fékk GP formlega vottun sem ART-skóli. Allir starfsmenn hafa setið námskeið í ART þjálfun og nokkrir kennarar hafa lokið við þjálfararéttindi. Þeim réttindum þarf að viðhalda með endurmenntunarnámskeiðum á þriggja ára fresti.

FN lýsir yfir mikilli ánægju með þennan árangur skólans og vottun sem ART skóla. GP er eini skólinn utan suður- og suðvesturlands til að ná þessari vottun.

#### **b. Skólapúls – helstu niðurstöður**

IE kynnti niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins haustið 2014.

#### **c. Heimsókn Ingvars Sigurgeirssonar**

IS kom í síðasta mánuði og vann með skólunum í sveitarfélaginu í þrjá daga.

**d. Samræmd próf 2014**

IE kynnti niðurstöður.

**e. Kennaramál**

Við GÞ vantar enn 1,5 stöðugildi kennara og fullur áhugi að auglýsa eftir þeim um áramót.

**f. Skólanámsskrá**

Skólanámsskrá GÞ er komin á heimasíðu skólans.

**8. Önnur mál**

Forvarnarstefna Langanesbyggðar. SS gerði að tillögu að FN hefði forgöngu með að ýta af stað vinnu við gerð forvarnarstefnu LNB. Sem yrði þá unnin í svipuðu ferli og skólastefna LNB.

**Fleira ekki gert**

**Fundi slitið kl 19:50**